



Grundarfjarðarbær

# Tíðindi frá Grundarfjarðarbæ

Október 2012

Ágætu Grundfirðingar!

Nú eru haustannir, tíminn þegar við búum okkur undir veturinn, komum vetrarforða í hús, í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Haustið er líka tími mikilla fundahalda og margvíslegra verkefna á vettvangi Grundarfjarðarbæjar. Verður hér stiklað á stóru af helstu tíðindum.

## Fjármál

Í vor og sumar hefur Haraldur Línal Haraldsson unnið rekstrarúttekt fyrir Grundarfjarðarbæ. Meðal annars kemst hann að þeirri niðurstöðu að búið sé að ná ágætum árangri í hagræðingu í rekstri bæjarins, þó alltaf megi eitthvað gera betur. Bæjarráð er þessar vikurnar að fara yfir tillögur Haraldar og unnið er að 8 mánaða uppgjöri. Í framhaldinu verður gerð langtímaáætlun sem miðar að því að ná skuldastöðu bæjarins niður í 150% af tekjum, samkvæmt sveitarstjórnarlögum, en þetta hlutfall er nú 212%. Haldnir verða kynningarfundir með starfsmönnum og íbúum þegar þessar niðurstöður liggja fyrir.

## Starfsmannamál

Starfsmenn Grundarfjarðarbæjar hafa staðið sig eins og hetjur og árangur í hagræðingu eftir hrun er ekki síst þeim að þakka. Bæjarstjórn

leggur áherslu á að skapa gott starfsumhverfi og liður í því er starfsmannadagur sem haldinn verður föstudaginn 19. október.

Til skoðunar er að ráða sameiginlegan skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög á Snæfellsnesi, en síðastliðið ár hefur skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar, Smári Björnsson sinnt því starfi með sóma.

Tveir nýir stjórnendur tóku við störfum hjá Grundarfjarðarbæ í haust, Aðalsteinn Józepsson tók við nýju starfi forstöðumanns íþróttamannvirkja og nýr aðstoðarskólustjóri tók til starfa við Grunnskólann, Helga Guðrún Guðjónsdóttir. Þau eru boðin velkomin til starfa um leið og Svani Tryggvasyni, fráfarandi umsjónarmanni íþróttahúss er þakkað fyrir áralangt starf hjá bænum.

## Skólastefna

Vinna við gerð skólastefnu er hafin og mun Gunnar Kristjánsson, fyrrverandi skólustjóri vinna verkefnið með skólanefnd. Íbúar munu hafa kost á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og er verið að skoða ýmsar leiðir, s.s. skoðanakannanir og samráðsfundi.

## Íbúapingi frestað

Íbúapingi sem vera átti laugardaginn 6. október er frestað um óákveðinn tíma, þar sem stefnir í talsverðar fundanir hjá okkur Grundfirðingum á þessu hausti. Bæjarráð leggur allt kapp á að byrjað verði á fyrrnefndum kynningarfundum með Harald Línal, til að klára fjármálin frá og eftir það verður hugað að tíma fyrir íbúaping.

## Rökkurdagar næst haustið 2013

Menningarhálfíðin Rökkurdagar verður næst haldin haustið 2013 og er til skoðunar að hafa hátíðina annað hvert ár og leggja þá meira í hana. Þess má geta að vetrarhátíð í Stykkishólmi „Norðurljós“ er annað hvert ár og verður nú 18. – 21. október. Til greina kemur að færa stuttmyndahátíðina Northern Wave, sem haldin hefur verið í mars, yfir á haustið og tengja hana Rökkurdögum. Ástæðan er gleðileg, þ.e. að mars er orðinn háannatími í ferðaþjónustu og gistirými fullbókað.

Látum þetta nægja að sinni.

*Með góðum haustkveðjum  
frá Grundarfjarðarbæ*